

**Ed.**

**916. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild á afnotarétti landsvæðis úr Garðalandi.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka eignarnámi afnotarétt landspildna þeirra úr Garðalandi á Álftanesi, sem leigðar voru á erfðafestu vorið 1932 þeim Tryggva Guðmundssyni ráðsmanni á Kleppi og Hermanni Jónassyni lögreglustjóra í Reykjavík, svo og afnotarétt þeirrar landspildu, er Eyjólfur Jóhannsson forstjóri í Reykjavík hefir fengið skipt úr jörðinni sem ábúandi á hjáleigunni Bakka.

2. gr.

Þá er eignarnám hefir fram farið, skal taka upp af nýju landskipti þau, er gerð voru á síðasta ári á landi Garðatorfunnar. Við hin nýju skipti skal að minnsta kosti helmingur af landsvæði því, er um ræðir í 1. gr., koma til skipta og þess gætt, að öll býli í Garðahverfinu, bæði þau, sem eru í sjálfsábúð, og hin, sem leigð eru, fái hæfilega mikið af ræktanlegu landi.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að leigja eða selja Hafnarfjarðarkaupstað það land, sem afgangs kynni að verða, þegar landskiptum er lokið, enda náist samkomulag um skilmála.

4. gr.

Afhending lands þess, er um ræðir í 1. gr., skal því skilyrði bundin, að notandi endurgreiði kostnað við þau mannvirki, er gerð hafa verið á landinu, áður en eignarnámið fer fram. Á það jafnt við, hvort sem landið er látið til bænda í Garðahverfi eða til Hafnarfjarðarkaupstaðar.

5. gr.

Færi svo, að bætur yrðu metnar fyrir missi afnotaréttarins, her að greiða þær úr rikissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.